

## SAMÞYKKT

### um stjórn bæjarmálefna Garðakaupstaðar.

#### I. KAFLI

#### Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

##### 1. gr.

Bæjarstjórn Garðakaupstaðar er skipuð 7 bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum nr. 58/1961.

##### 2. gr.

Bæjarstjórn Garðakaupstaðar er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli, er hann varðar, til lykta ráðið, án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

- A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.
  1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal sýna í meginatriðum, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið, enn fremur skal sýna, hvernig áætlaðar tekjur skiptast.
  2. Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjármálastjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun. Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins eða annarri ákvörðun bæjarstjórnar.
  3. Hún hefur yfirumsjón með því, að eigur bæjarins séu tryggilega varðveittar.
  4. Bæjarstjórn skal hafa lagt fullnaðarúrskurð á ársreikninga bæjarins eigi síðar en í júlímánuði ár hvert.
- B. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn verklegra framkvæmda bæjarins. Í fjárhagsáætlun kveður hún á um verklegar framkvæmdir á fjárhagsárinu í megindráttum. Hún ætur og gert heildaráætlanir um framkvæmd tiltekinna verkefna, er taka yfir lengri tíma, svo og um einstök verk, eftir því sem ástæða þykir til.
- C. Bæjarstjórn kýs bæjarstjóra og nefndir eftir því, sem segir í reglugerð þessari eða öðrum samþykktum, svo og endurskoðendur reikninga bæjarins. Enn fremur skipar hún fasta starfsmenn bæjarins og semur um laun þeirra.
- D. Bæjarstjórn setur reglur um stjórn bæjarmálefna og reglur um meðferð tiltekinnna málefna bæjarins, ákveður gjaldskrá bæjarfyrirtækja eftir því, sem þörf krefur o. s. frv.

## II. KAFLI

## Fundarsköp bæjarstjórnar.

## 3. gr.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar í júnimánuði ár hvert kýs bæjarstjórn sér forseta, svo og 1. og 2. varaforseta úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meira en helmingis bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð, skal kjósa að nýju, og skal þá kjósa um þá tvo, sem flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn, sem fleiri atkvæði fær, þótt hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Aldursforseti gegnir forsetastörfum, uns kosinn hefur verið forseti. Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi bæjarstjórnar, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

Ef forseti deyr, eða varaforseti, eða verður varanlega forfallaður frá störfum í bæjarstjórn, áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa forseta í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímabilsins.

## 4. gr.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um, að fundargerðir séu skipulega færðar, allar skriflegar tillögur skráðar, afgreiðsla mála, atkvæðagreiðslur og ályktanir.

Forseti sér um, að allt fari löglega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum, samkvæmt samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.

## 5. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði, þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

## 6. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar, sem sér um færslu fundargerða, og hafa skrifarar í samráði við forseta eftirlit með því, að rétt sé fært til bókar.

Í fundargerð skal þess getið, hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn og hver sé fundarritari.

Í fundarlok skal lesa upp fundargerð og skulu allir viðstaddir fulltrúar undirrita hana. Einnig er heimilt að afgreiða fundargerð á næsta bæjarstjórnarfund. Hver fulltrúi, sem eigi er samróma hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í fundargerðina.

## 7. gr.

Bæjarstjórn heldur fundi annan hvern fimmtudag kl. 17, ef mál eru fyrir hendi. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að fella niður fundi eða halda aðeins einn fund í janúar, júlí, ágúst og desember. Aukafund skal halda, ef bæjarstjóri eða forseti telja nauðsyn bera til eða ef þrír bæjarfulltrúar hið fæsta krefjast þess. Fundum bæjarstjórnar skal ljúka fyrir kl. 20.00, nema  $\frac{2}{3}$  bæjarfulltrúa samþykki að halda fundi áfram.

## 8. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Á dagskrá skal taka:

1. Fundargerðir lögmaetra nefnda, sem kunna að þurfa staðfestingu bæjarstjórnar á ályktunum sínum.
2. Hvert það mál, sem fellur undir verksvið bæjarstjórnar samkvæmt 2. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 58/1961, enda sé þess óskað af bæjarstjórn, lögmaetri nefnd eða bæjarfulltrúa, að málið sé á dagskrá tekið.
3. Lögmaeltar kosningar nefnda og starfsmanna, svo og hvert það málefni annað, sem bæjarstjórn á um að fjalla að lögum.

Sá sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega eigi síðar en kl. 12 tveimur dögum fyrir fund.

Bæjarstjóri skal senda öllum bæjarfulltrúum dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar eigi síðar en kl. 20 tveimur dögum fyrir fundinn.

Í dagskrá skal tilkynna fundarstað og tíma, þær fundargerðir, sem fyrir fundi liggja, tillögur, sem fram hafa komið, og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum, sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna, svo og annarra gagna, sem geta til upplýsinga orðið um málefni á dagskrá, eftir því, sem bæjarstjóri telur nauðsynlegt.

Ef ákveðinn verður aukafundur, samkvæmt 7. gr. skal að jafnaði til hans boðað með dagskrá.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð, sem dagskrá segir, nema bæjarstjórn ákveði, að önnur röð skuli höfð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá, þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki  $\frac{2}{3}$  viðstaddra bæjarfulltrúa þau afbrigði.

## 9. gr.

Á reglulegum fundarstað bæjarstjórnar skal auglýsa opna fundi bæjarstjórnar með a. m. k. 12 stunda fyrirvara og greina þar dagskrá fundar.

## 10. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í heyranda hljóði, þegar þeir eru auglýstir. Bæjarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t. d. einkamál manna eða mál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um það, að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum, skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði, getur forseti látið vísa honum út.

## 11. gr.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur bæjarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Bæjarstjóri og hver bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögur, viðauka-tillögur eða frávisunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er, og bæjarstjórn á úrskurðarvald um. Skulu slíkar tillögur vera skriflegar, en veita skal forseti fundar-mönnum ráðrúm til þess að semja tillögu á fundi, ef þörf krefur.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti, fellur það, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með ein-

faldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til bæjarstjóra eða nefndar eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því, hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

#### 12. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál við eina umræðu, nema fjárhagsáætlun bæjarins, ársreikninga og reglugerðir, sem hljóta skulu staðfestingu ráðherra. Um þessi mál skulu fram fara tvær umræður og líða vika hið skemmsta milli umræðna.

#### 13. gr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að bæjarfulltrúi réttir upp hönd. Nafnakall skal hafa, ef bæjarstjóri eða bæjarfulltrúi óskar. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir skrá um bæjarfulltrúa í stafrófsröð. Nöfnum varafulltrúa skal bæta á skrána í réttri röð í stað nafna þeirra, sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal. Við nafnakall er bæjarfulltrúum skylt að greiða atkvæði, nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni, er forseti metur gild. Ef bæjarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta, má hann skjóta úrskurðinum til bæjarstjórnar, sem sker úr án umræðna.

#### 14. gr.

Hver bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu, ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann, svo og bæjarfulltrúa, sem gera vill stutta athugasemd eða leiðrétta ummæli um sjálfan hann.

Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs, ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Bæjarfulltrúi skal tala úr ræðustól, nema forseti ákveði annað.

Bæjarstjórn getur heimilað, að maður utan bæjarstjórnar megi tala á bæjarstjórnarfundi, en skylt skal honum þá að gæta í hvívetna fundarskapa.

#### 15. gr.

Þegar bæjarfulltrúi tekur til máls við afgreiðslu á fundargerð nefndar, skal hann í upphafi taka fram, hvaða lið eða liði fundargerðar hann óski að ræða. Heimilt er forseta að gera einstaka liði fundargerðar að sérstöku dagskrármáli.

Flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls, en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Bæjarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd um fundarsköp.

Ef bæjarfulltrúi vill beina fyrirspurn til bæjarstjóra, skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda hana með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sinu til forseta.

Ekki má lesa upp prentað mál, nema forseti leyfi.

#### 16. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd, eða umræðum verði hætt.

Þá getur forseti, hvenær sem er, lagt til, að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo, að hún standi skemur en tvo tíma, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs sbr. þó 7. grein.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur forseta, samkvæmt 1. og 2. mgr. umræðulaust. Hver bæjarfulltrúi getur borið fram slíkar tillögur, og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við, þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

## 17. gr.

Skýlt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann og nefna þau ummæli, er hann vítir. Ef bæjarfulltrúi er vittur tvisvar á sama fundi, getur forseti lagt til við bæjarstjórn, að hann verði sviptur málfrelsi frammar á þeim fundi. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera hlé um stundarsakir eða, ef nauðsyn krefur, slíta fundi.

## 18. gr.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund skal öllum bæjarfulltrúum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjölum hennar.

## III. KAFLI

## Réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

## 19. gr.

Hverjum bæjarfulltrúa er skýlt að sækja fundi bæjarstjórnar, nema lögmaet forföll hamli.

Honum er skýlt að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum, t. d. forsetastörf, setu í nefndum o. s. frv.

Sá, sem verið hefur forseti bæjarstjórnar eða setið í nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

## 20. gr.

Bæjarfulltrúum er heimilt að kynna sér skjöl bæjarins.

## 21. gr.

Hver bæjarfulltrúi á rétt á tiltekinni þóknun fyrir störf sín í bæjarstjórn.

Eftir hverjar bæjarstjórnarkosningar ákveður bæjarstjórn hver verða skuli þóknun bæjarfulltrúa á næsta kjörtímabili, svo og nefnda, er laun taka.

## 22. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd eða til annarra starfa, forfallast um stundarsakir, vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, á hann rétt á að tilnefna mann af sama lista og hann var kjörinn, til að taka sæti hans á meðan, enda hafi varafulltrúi ekki verið kosinn.

Hafi hann engan tilnefnt, fer um varamenn samkvæmt 2. og 3. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 23. gr.

Bæjarstjórn getur veitt bæjarfulltrúa, sem óskar þess, lausn frá bæjarfulltrúastarfi.

## IV. KAFLI

## Um kosningar, skipan og starfssvið nefnda.

## 24. gr.

Bæjarstjórn kýs eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin málefni, eftir því, sem lög mæla fyrir:

- A. Til eins árs á fyrsta fundi í júní ár hvert:
1. Forseta bæjarstjórnar.
  2. 1. varaforseta bæjarstjórnar.
  3. 2. varaforseta bæjarstjórnar.
  4. Tvo skrifara bæjarstjórnar og tvo til vara.
  5. Fjóra menn í byggingarnefnd, þar af tvo innan bæjarstjórnar og tvo utan bæjarstjórnar og fjóra varamenn á sama hátt. Bæjarstjóri er sjálfkjörinn og formaður nefndarinnar.
  6. Tvo endurskoðendur bæjarreikninga og tvo til vara.
  7. Kjörstjórnir:
    - a) Þrjá menn í yfirkjörstjórn og þrjá til vara.
    - b) Þrjá menn í hverja undirkjörstjórn og þrjá til vara.
  8. Fjóra fulltrúa á aðalfund Samtaka sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi og tvo til vara.
- B. Til fjögurra ára á fyrsta fundi eftir bæjarstjórnarkosningar:
1. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags Garðakaupstaðar og fjóra til vara. Auk þess skipar ráðherra til viðbótar formann og varaformann stjórnarinnar.
  2. Fimm menn í félagsmálaráð og fimm til vara. Bæjarstjórn kýs formann ráðsins.
  3. Fimm menn í skólanefnd og fimm til vara.
  4. Þrjá menn í heilbrigðisráð og þrjá til vara. Bæjarstjórn kýs formann ráðsins.
  5. Þrjá menn í bókasafnsstjórn og þrjá til vara. Bæjarstjórn kýs formann stjórnarinnar.
  6. Fimm menn í skipulagsnefnd og fimm til vara. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar.
  7. Þrjá menn í náttúruverndarnefnd og þrjá til vara. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar.
  8. Einn forðagæslumann.
  9. Tvo sáttamenn og tvo til vara.
  10. Sex menn í áfengisvarnarnefnd. Auk þess á sæti í nefndinni einn fulltrúi skipaður af ráðherra og er hann formaður nefndarinnar.
  11. Þrjá menn í fjárhags- og launamálanefnd og þrjá til vara.
  12. Einn mann í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands og einn til vara.
  13. Tvo fulltrúa á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga og tvo til vara.
  14. Þrjá menn í umferðarnefnd og tvo til vara. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar.
  15. Tvo menn í stjórn þinghúss og tvo til vara.
  16. Einn mann í afréttarnefnd og annan til vara.
  17. Einn mann í fjallskilanefnd og annan til vara.
  18. Einn mann í stjórn hjálparsjóðs Garðasóknar og annan til vara.
  19. Tvo menn í stjórn byggingarsjóðs Garðakirkju og einn til vara.
  20. Tvo menn í almannavarnanefnd Hafnarfjarðarumdæmis og sex til vara.
  21. Tvo menn í hússtjórn íþróttahússins Ásgarðs og tvo til vara. Skólanefnd tilnefnir þriðja manninn í nefndina.
  22. Formann æskulýðsnefndar. Æskulýðsfélögin tilnefna aðra fulltrúa í nefndina. sbr. reglugerð fyrir æskulýðsnefnd.

## 25. gr.

Um skipan nefnda, valdsvið þeirra og verksvið fer eftir því, sem ákveðið er í lögum eða samþykkt bæjarstjórnar. Þar, sem ekki er um slíkar reglur að ræða, getur bæjarstjórn sett þær.

Ekki má framselja slíkri nefnd vald, sem bæjarstjórn er fengið að lögum.

Þegar kjörtími nefndar er óákveðinn, skal litið svo á, að umboð nefndarmanna falli niður, þegar kjörtími bæjarstjórnar er á enda, nema um sé að ræða nefnd, sem fengið hefur til úrlausnar ákveðið og afmarkað verkefni. Þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt.

#### 26. gr.

Allar fastar nefndir bæjarstjórnar skulu færa gerðabækur um störf sín, og skulu gerðir fastra nefnda svo og nefnda, sem bæjarstjórn setur í einstök mál, lagðar fyrir bæjarstjórn til meðferðar, sbr. 8. gr.

### V. KAFLI

#### Endurskoðendur.

#### 27. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo endurskoðendur til eins árs í senn og tvo til vara til þess að endurskoða reikninga bæjarins og fyrirtækja hans.

Bæjarfulltrúar eru ekki kjörgengir til þessa starfs.

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum d-liðs III. kafla laga nr. 58/1961.

Lokið skal endurskoðun ekki síðar en 30. júní ár hvert.

### VI. KAFLI

#### Um bæjarstjóra.

#### 28. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

Heimilt er þó að ráða bæjarstjóra til lengri tíma, en þá er ráðningarsamningur uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, hvenær sem er, eftir að kjörtímabilinu er lokið.

Náist ekki meirihluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, getur ráðherra ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fram fara á ný.

#### 29. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, og framkvæmd á málefnum bæjarins yfirleitt, að því leyti, sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál. Skyld er bæjarstjóra að hafa ákveðinn viðtals-tíma og sé hann auglýstur á skrifstofu bæjarins.

#### 30. gr.

Bæjarstjóri á sæti á fundum bæjarstjórnar og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem bæjarfulltrúar, nema annað sé sérstaklega tekið fram í þessari samþykkt.

Ekki hefur hann atkvæðisrétt, nema jafnframt sé hann bæjarfulltrúi. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar.

#### 31. gr.

Samþykki bæjarstjórn ályktun, sem hefur verulegan kostnað í för með sér, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á gildandi fjárhagsáætlun, getur bæjarstjóri fellt slíka ályktun úr gildi um sinn, og skal þessi ákvörðun hans færð til bókar.

Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðuneytinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórninni eftirrit af

skýrslunni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðuneytisins.

**32. gr.**

Í forföllum bæjarstjóra gegnir fulltrúi hans störfum hans, nema þau séu sérstaklega öðrum falin. Forfallist bæjarstjóri um lengri tíma, skal bæjarstjórn setja mann til að gegna störfum hans.

**VII. KAFLI**

**Um aðra starfsmenn bæjarins.**

**33. gr.**

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn eftir því, sem nánar segir í reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Garðakaupstaðar, nema vald til slíks sé að lögum fengið öðrum aðilum eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinna stofnana.

Bæjarstjórn getur ákveðið, hver almenn skilyrði skulu gilda um skipan í stöður hjá bænum svo og sérskilyrði, er gilda skuli um ákveðnar stöður.

Starfsmenn skulu hlíta reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Garðakaupstaðar eins og þær eru á hverjum tíma samþykktar af bæjarstjórn.

**Viðauki.**

Samkvæmt lögum nr. 83/1975 fer hreppsnefnd Garðahrepps, sem kjörin var í sveitarstjórnarkosningum 1974, með stjórn Garðakaupstaðar til næstu bæjarstjórnarkosninga.

Frá og með næstu bæjarstjórnarkosningum skal bæjarstjórnin skipuð 7 bæjarfulltrúum.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Garðakaupstaðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. mars 1976.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ**

**um gatnagerðargjöld í Patrekshreppi.**

**1. gr.**

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

**2. gr.**

Gatnagerðargjald A er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum.